

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 148/

TRYGGINGAEFTIRLITID

komudagur 2014 1994

SUDURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. Sími 685188 FAX 685253

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Pórshamri
Reykjavík

Reykjavík 20. Apríl 1994


Efni: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi. Ákvæði til bráðabirgða

Hjálagt fylgir tillaga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um váttryggingastarfsemi sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð með breytingartillögunni er hún fram komin vegna þess að ákvæði tiltekinna gerða EES-samningsins á váttryggingasviði munu ekki taka gildi á sama tíma í öllum aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis og kunna þá lagareglur reistar á eldri gerðum að vera enn í gildi í sumum aðildarríkjum sem kann að skapa misræmi m.a. í framkvæmd eftirlits með váttryggingastarfseminni í samskiptum aðildarríkja.

Bráðabirgðaákvæðið er því til að tryggja að unnt verði að framfylgja nauðsynlegu eftirliti stjórnvalda með starfsemi erlendra váttryggingafélaga á Íslandi og til samræmingar á lagareglum gagnvart íslenskum váttryggingafélögum á því tímabili þegar verið er að samræma lagareglur á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Virðingarfyllt,
TRYGGINGAEFTIRLITID



Erlendur Lárusson
forstöðumaður

ALG02BE4

FRUMVARP TIL LAGA UM VÁTRYGGINGASTARFSEMI

Tillaga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða:

Á eftir 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi 4. mgr.:

Gagnvart þeim ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki hafa lögfest tilskipanir 92/49/EBE og 92/96/EBE er heimilt að beita ákvæðum gerða 73/239/EBE, 88/357/EBE, 79/267/EBE og 90/619/EBE ásamt síðari breytingum, um starfsleyfi og eftirlit með vátryggingastarfsemi.

Greinargerð:

Sum aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis eiga eftir að lögfesta ákvæði gerða sem eru í viðaukum við EES-samninginn, sem samþykktir var á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar hinn 21. mars sl. Á sviði vátrygginga eru það gerðir 92/49/EBE og 92/96/EBE, svonefnd þriðja kynslóð tilskipana, sem strax skiptir máli í samskiptum milli ríkjanna.

Ætlast er til að aðildarríkin lögfesti ákvæði nefndra gerða þannig að þau öðlist gildi eigi síðar en 1. júlí 1994. Mörg aðildarríkja EES miða við þann dag sem gildistöku dag breyttrar löggjafar. Ljóst er að sum aðildarríkjanna munu ekki ná að ljúka breytingum innan tilskilins tíma, en gera ráð fyrir að umsamdar breytingar á löggjöf þeirra öðlist gildi um næstu áramót.

Frumvarp til laga um vátryggingastarfsemi gerir ráð fyrir að ákvæði nefndra gerða verði lögfest. Gert er ráð fyrir að ekki verði beðið með gildistöku þeirra fram á síðasta dag sem samningurinn heimilar, heldur öðlist þau strax gildi. Ástæða þess er að í núgildandi lögum nr. 50/1978 um vátryggingastarfsemi eru margvísleg ákvæði sem Íslendingar skuldbundu sig til að breyta fyrir síðustu áramót, en ekki hlaut afgreiðslu í tæka tíð. Hugsanlegt er að misræmi skapist þegar samsvarandi lagabreytingar vegna þriðju tilskipana eru gerðar síðar í öðrum ríkjum.

Vegna þess að nýjar gerðir öðlast ekki gildi á sama tíma í öllum aðildarlöndum skapast óvissa um eftirlit með vátryggingastarfsemi yfir landamæri. Sem dæmi má nefna að samkvæmt eldri gerðum var eftirlit með útibúum erlendra vátryggingafélaga á hendi gistiríkisins, en flyst til heimaríkis með gildistöku þriðju tilskipana. Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að útibú sænsks vátryggingafélags á Íslandi verði undir fjárhagslegu eftirliti sænskra yfirvalda, en sænsk lög gera enn þá ráð fyrir að yfirvöld gistiríkisins Íslands annist þetta eftirlit. Hliðstætt á sér stað hyggist íslenskt félag reka útibú í aðildarríki sem ekki hefur lögfest ákvæði þriðju tilskipana.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði þetta verði sett til að tryggja að unnt verði að framfylgja nauðsynlegu eftirliti stjórnvalda með starfsemi erlendra tryggingafélaga á Íslandi á því tímabili sem verið er að samræma eftirlitsreglur milli aðildarríkja EES og til að tryggja samræmi í löggjöf gagnvart íslenskum félögum sem hyggðust reka starfsemi á Evrópsku efnahagssvæði.

Heimildina skal einkum nota þegar eldri gerðir og löggjöf veita íslenskum stjórnvöldum rýmri heimildir til eftirlits og afskipta en hinar nýrri gagnvart erlendum félögum. Heimildin gildir gagnvart einstökum ríkjum og vátryggingafélögum sem þar hafa starfsstöð eða höfuðstöðvar uns viðkomandi ríki hefur lögfest þriðju tilskipanir um vátryggingar.

Aðstaða sú sem hér er lýst er ekki til frambúðar og verður varla algengt að beita þurfi þessu bráðabirgðaákvæði. Eru ekki samín sérstök ákvæði vegna þessarar aðstöðu og ekki reynt að sjá fyrir alla möguleika sem upp geta komið, heldur lagt til að beita megi ákvæðum þessara gerða beint í samskiptum íslenskra stjórnvalda við erlend váttryggingafélög sem hér vilja starfa og gagnvart íslenskum félögum sem sækja vilja á markað hins Evrópska efnahagssvæðis meðan lagareglur hafa ekki verið samræmdar.
